

Mál nr. 280/2015**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.****Ágreiningur um sönnun á slysaatburði þann 16. ágúst 2013.****Gögn.**

1. Málskot móttekið þann 15. júlí 2015 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V frá 17. ágúst 2015.

Málsatvik.

M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni af völdum bifreiðar A á verkstæði F í Grafarvogi þann 16. ágúst 2013. Á slysið að hafa orðið með þeim hætti að bifreiðinni var bakkað inn á verkstæði og lenti M milli hennar og hurðarstafs. Mun eigandi bifreiðarinnar hafa fengið Arctic Trucks til að gera tilteknar breytingar á henni en Arctic Trucks fengið Formverk til að sjá um afmarkaðan þátt af þessum breytingum. Eigandi bifreiðarinnar var því hvergi nálægur þegar slysið á að hafa gerst en ökumaður í þetta skipti var starfsmaður F.

Fyrir liggur læknaþráttur þar sem fram kemur að M hafi leitað á slysadeild þann 16. ágúst 2013, nánar tiltekið klukkan 14:41. Er slysinu þar lýst á þann hátt að M hafi klemmst á milli bifreiðar og húss. Var M marinn og bólginn yfir vinstri öxl og upphandlegg.

Tilkynning um slys til Sjúkratryggingar Íslands var undirrituð af hálfu M þann 6. maí 2014. Sama er að segja um tilkynningu um slys til V. Tjónstilkynning ökutækja er ódagsett en undirrituð af ökumanni bifreiðarinnar sem staðfestir framburð M.

Fyrir liggur ódagsett staðfesting Arctic Trucks um að bifreiðin A hafi verið undir umsjá F þann 16. ágúst 2013 þegar meint slys á að hafa átt sér stað en bifreið var send til F þennan sama dag.

V hefur hafnað því sem ósönnuðu að slys M sé að rekja til bifreiðar A.

Álit.

Óumdeilt er að M fór á slysadeild þann 16. ágúst 2013. Kemur þar fram að og er það skjalað í sjúkraskrá að M hafi klemmst á milli bifreiðar og húss (hurðarstafs). Fyrir liggur staðfesting frá Arctic Trucks að bifreið A hafi verið send á verkstæði F þennan sama dag. Enn fremur liggur fyrir vitnisburður ökumanns bifreiðarinnar sem kveðst hafa verið að bakka bifreiðinni með bílstjórarahurðina opna en að M hafi orðið á milli hurðarinnar og karmsins á innkeyrsluhurðinni. Staðfestir hann einnig þennan framburð með undirritun sinni á tjónstilkynningu ökutækis.

Þrátt fyrir að sumar tilkynningar séu dagsettar um níu mánuðum eftir atvikið og að sumar tilkynningar séu ódagsettar verður, með vísan í fyrrgreind atriði, að telja yfirgnæfandi líkur á því að M hafi slasast á þann hátt sem lýst er í málskoti til nefndarinnar og af bifreið A. Vegur þar þýngst koma M á slysadeild, vitnisburður ökumannsins og staðfesting Arctic Trucks.

Með hliðsjón af öllum atvikum og fyrirbyggjandi gögnum verður talið að sönnun á tjónsatburðinum hafi tekist.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis A.

Reykjavík, 8. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.